

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 20. október 2009 í máli nr. S-864/2009:

Ákærvaldið

*(Eyjólfur Ármannsson fulltrúi)*

gegn

Konráði Gylfasyni

og

Formvélum ehf.

Ár 2009, þriðjudaginn 20. október, er á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni, héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 864/2009: Ákærvaldið (Eyjólfur Ármannsson) gegn Konráð Gylfasyni (Guðmundur Ágústsson hrl.), sem tekið var til dóms hinn 12. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæru ríkislögreglustjóra, dagsettri 7. september sl. á hendur ákærða, Konráð Gylfasyni, kt. 000000-0000, Lækjarvaði 25, Reykjavík, og Formvélum ehf., kt. 000000-0000, Kletthálsi 9, Reykjavík, sem ákærði er talinn vera í svari fyrir, „fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum framin í rekstri einkahluta-félagsins Formvélar, sem ákærði Konráð var framkvæmdastjóri, stjórnarmaður og prókúruhafi fyrir, með því að hafa eigi staðið skil á virðisaukaskattsskýrslum fyrir hönd félagsins á árinu 2007, en með þessu var eigi talin fram skattskyld velta á árinu samtals að fjárhæð kr. 13.964.644, og hafa eigi staðið ríkissjóði skil á virðisaukaskatti sem innheimtur var í starfseminni á árinu 2007, í samræmi við fyrirmæli í IX. kafla laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, samtals að fjárhæð kr. 3.013.979, sem sundurliðast sem hér greinir:

*Uppgjörstímabil  
Vangoldinn VSK á eindaga*

*Vantalin skattskyld velta*

**Árið 2007:**

Janúar-febrúar	kr.	1.043.021	kr.	255.272
Mars-apríl	kr.	2.332.057	kr.	323.448
Mái-júní	kr.	2.464.318	kr.	603.759
Júlí-ágúst	kr.	1.312.575	kr.	321.581
September-október	kr.	3.022.324	kr.	626.984
<u>Nóvember-desember</u>	kr.	<u>3.790.349</u>	kr.	<u>882.935</u>
<b>Samtals</b>	<b>kr.</b>	<b>13.964.644</b>	<b>kr.</b>	<b>3.013.979</b>

Framangreind brot ákærða Konráðs samkvæmt ákæru teljast varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995, sbr. einnig:

**a)** 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sbr. 3. gr. laga nr. 42/1995 og 3. gr. laga nr. 134/2005.

Framangreind brot ákærða Formvélar ehf. samkvæmt ákæru teljast varða við:

**b)** 8. mgr. 40 gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt að því er varðar 1. tölulið ákæru, sbr. tilvitnuð ákvæði í a) lið að framan.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákæruvaldið hefur í bókun krafist þess að ákæran verði leiðrétt í þá veru að refsikrafan snúi bæði að ákærða Konráði og einkahlutafélaginu Formvélum en ekki að ákærða einum, eins og misritast hafi. Af hálfu ákærða, Formvéla ehf., er því mótmælt að þessi leiðrétting ákærunnar komist að í málinu.

Samkvæmt 1. mgr. 153. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88, 2008 verður ekki bætt úr þeim galla á ákærunni sem hér um ræðir nema með framhaldsákæru. Samkvæmt því varðar refsikrafan einungis ákærða Konráð.

### Málavextir

Ákærði hefur skýlaust játað það brot sem hann er saksóttur fyrir. Hefur hann orðið sekur um athæfi það sem lýst er í ákærunni. Fyrir liggur að ákærði greiddi skatt þann sem hann stóð ekki skil á og skilaði um hann skýrslum áður en mál þetta var höfðað. Í nýlegri dómaframkvæmd hefur verið litið svo á að þegar svo standi á varði brot sem þetta ekki við 262. gr. almennra hegningarlaga og ber að sýkna ákærða af því. Ákærði Konráð og Formvélar ehf. hafa því orðið sek um brot það sem lýst er í ákærunni og er að öðru leyti réttilega heimfært til refsíákvæðis

laganna um virðisaukaskatt. Með vísan til þess sem áður sagði um refsikröfuna verður ákærða Konráð einum gerð refsing í málinu og telst hún með hliðsjón af málsbótum hans vera hæfilega ákveðin 1.800.000 króna sekt. Þá ber að ákveða það að 30 daga fangelsi komi í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Dæma ber ákærðu til þess að greiða óskipt verjanda sínum, Guðmundi Ágústssyni hrl. 100.000 krónur í málsvarnarlaun, sem dæmast með virðisaukaskatti.

Annan sakarkostnað mun ekki hafa leitt af málinu.

### **DÓMSORÐ:**

Ákærði, Konráð Gylfason, greiði 1.800.000 krónur í sekt og komi 30 daga fangelsi í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Ákærðu greiði óskipt verjanda sínum, Guðmundi Ágústssyni hrl. 100.000 krónur í málsvarnarlaun.

Pétur Guðgeirsson